

# RAFHLAUPAHJÓL



## notkun og öryggi

Vélknúin hlaupahjól (oft kölluð rafhlaupahjól, rafmagnshlaupahjól, rafskútur) tilheyra flokki reiðhjóla og eru hönnuð til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst., sjá skilgreiningu í c-lið 30. tölul. 1. mgr. 3 gr. umferðarlaga.

Í umferðarlögum kemur fram að slíkum farartækjum megi þó ekki aka á akbraut en þau lúta að öðru leyti sömu reglum og reiðhjól t.d. hvað varðar öryggisbúnað og mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga þegar hjólað er á gangstígum.

### ERU ALDURSMÖRK?

Samkvæmt umferðarlögum er ekkert aldurstakmark á vélknúin hlaupahjól en ávallt skal fara eftir þeim viðmiðum og leiðbeiningum sem framleiðandi hjólsins leggur til. Auk þess eru rafhlaupahjólaleigur yfirleitt með aldurstakmark á notkun hjólanna.

### ÞARF AÐ NOTA HJÁLTM?

Börnum yngri en 16 ára ber samkvæmt lögum að nota hlífðarhjálrm. Mælt er með því að fullorðnir noti einnig hjálrm enda mikilvægur öryggisbúnaður.

### MÁ VERA MEÐ FARÞEGA?

Nei.

### MÁ AKA Á AKBRAUT (GÖTU)?

Nei, í umferðarlögum kemur fram að það má ekki aka rafknúnu hlaupahjóli á akbraut.

### MÁ AKA Á HJÓLASTÍG?

Já það má. Ef hjólastígur er samhliða gangstétt eða göngustíg skal notast við hjólastíga frekar en gangstétt eða gangstíg.

### MÁ HJÓLA YFIR GÖTU EÐA GANGBRAUT?

Já, það má. Mikilvægt er að hægja vel á sér og gæta vel að umferð um akbrautina. Ef hjólandi er óhætt að fara yfir skal það gert á gönguhraða. Þegar hjólandi kemur að ljósastryðum gatnamótum eða gangbrautum ber honum líkt og öðrum vegfarendum að stöðva á rauðu ljósi og fara ekki yfir fyrr en grænt ljós hefur kviknað.

### MÁ LEGGJA RAFHLAUPAHJÓLI HVAR SEM ER?

Nei, leggja skal rafhlaupahjóli þannig að það þá hindri ekki för annarra vegfarenda, valdi óþægindum eða skapi slysaþættu. Rafhlaupahjólum skal ekki lagt á miðri gangstétt, stígum, við rampa, fyrir inngöngum húsa eða við göngubveranir.

## MÁ AKA Á GANGSTÉTT EÐA GÖNGUSTÍGUM?

Já, það má. Ef hjólað er á gangstétt eða göngustíg gilda sömu reglur um hlaupahjól þar eins og reiðhjól.

- Þegar hjólað er á gangstéttum og gangstígum skal það gert með því skilyrði að það valdi ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum.
- Gangandi vegfarendur eiga forgang og hjólandi þurfa að taka tillit til þess, ekki síst hvað hraða varðar.
- Almennt ættu allir vegfarendur að halda sig hægra megin og taka fram úr vinstra megin.
- Þar sem merki aðgreina umferð gangandi annars vegar og hjólandi hins vegar skal virða þau og vera þeim megin sem reiðhjól skulu vera.
- Hjólandi þurfa að hafa í huga að gangandi vegfarendur búast ekki við hröðum og skyndilegum framúrakstri á stígnum. Því er mikilvægt að hjólandi hægi vel á sér og gefi hljóðmerki tímanlega áður en komið er að viðkomandi eða áður en komið er að blindhorni eða beygju.

## MÁ HJÓLA EFTIR AÐ HAFNA NEYTT ÁFENGIS EÐA VÍMUEFNA?

Nei, notkun hjóla undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er bönnuð með lögum.

## MÁ NOTA FARSÍMA EÐA SNJALLTÆKI VIÐ AKSTURINN?

Nei, snjalltækja- og farsímnotkun á hjóli er bönnuð samkvæmt lögum. Stöðva ber hjólið áður en síminn er notaður.

## ÞURFA AÐ VERA EINHVER SÉRSTÖK LJÓS Á RAFHLAUPAHJÓLI?

Já, mikilvægt er að vera með öflug og góð ljós - hvítt að framan og rautt að aftan. Skyllt er að vera með ljós þegar skyggja tekur. Endurskin á að vera á hjólinu, bæði að framan og aftan.

## MÁ BREYTA RAFHLAUPAHJÓLI ÞANNIG AÐ ÞAÐ KOMIST HRAÐAR?

Nei, það er ólöglegt að eiga við rafhlaupahjól þannig að þau komist hraðar en 25 km/klst.

## ÞARF TRYGGINGAR?

Engin vátryggingarskylda er á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum varðandi ábyrgðartryggingar.

